

Grein: Heimilisfræði, 4. – 5. bekkur (A)	Tímabil: Veturinn 2016 – 2017	Kennari: Íris Berglind C. Jónasdóttir
<p>Efnisþáttur úr ársáætlun: Nemendum er kennt að matreiða fjölbreyttan hversdagsmat og baka úr mismunandi hráefnum. Kennslan er bæði bókleg og verkleg, þar sem fjölbreyttir þættir eru tengdir saman eins og matreiðsla, bakstur, hreinlæti og þrif, næringarfræði, samvinna og umhverfisvernd.</p>		
Námsmarkmið	Viðfangsefni nemenda	Námsmat
<p>Nemandi á að: <u>Lífshættir</u></p> <ul style="list-style-type: none"> ➤ þekkja mun á góðum og slæmum örverum ➤ læra að reglubundnar máltíðir eru mikilvægar sem og að hafa góðar lífsvenjur <p><u>Vinnubrögð</u></p> <ul style="list-style-type: none"> ➤ þjálfast í að nota mæli- og rafmagnstæki og fara eftir uppskriftum og fyrirmælum <p><u>Umhverfi</u></p> <ul style="list-style-type: none"> ➤ læra að skoða merkingar á umbúðum matvæla ➤ kunna að flokka sorp í viðeigandi flokkunardalla <p><u>Meningarlæsi</u></p> <ul style="list-style-type: none"> ➤ læra að vinna sjálfstætt ➤ temja sér að vinna í sátt og samlyndi við aðra ➤ bera ábyrgð á frágangi eftir sig 	<p>Kennslan er bæði verkleg og bókleg.</p> <p>Í upphafi tíma er stutt innlögn og/eða spjall um viðfangsefni kennslustundar.</p> <p>Farið er yfir uppskriftir og verklega þætti sem nemendur vinna svo sjálfir með aðstoð kennara.</p> <p>Nemendum er skipt í hópa, þar sem þeir læra að vinna með mismunandi einstaklingum og hver hópur fær skilgreint verkefni í tengslum við námsmarkmið.</p> <p>Nemendur fara eftir uppskriftum en einnig eru gefin munnleg og sjónræn fyrirmæli.</p> <p>Skrifleg verkefni vinna nemendur oftast einstaklinglega.</p> <p>Hópvinna, oftast 2 – 4 í hóp, þar sem umhyggja og virðing er höfð að leiðarljósi ásamt jákvæðum aga.</p> <p>Nemendur vinna með fjölbreytt áhöld, allt frá einföldum mælitækjum upp í flóknari raftæki eins og blandara og hrærivél.</p> <p>Lögð er áhersla á flokkun þar sem nemendur fá bæði fræðslu og þurfa að flokka sjálf það rusl sem henda þarf.</p> <p>Almenn hreingerning á kennslustofunni er hluti af kennslustundinni, allir hjálpast að við að þrifa og meta nemendur og kennari í sameiningu hvort vel hafi til tekist.</p>	<p>Inni á Mentor eru markmið sem hakað er í eftir námsframvindu nemenda.</p> <p>Í skissubækur sem nemendur útbúa að hausti og fylgja þeim í gegnum smíðjur, eru skráðar umsagnir. Skissubækur fara síðan að vori í safnmöppu nemenda.</p> <p>Kennari fylgist með frumkvæði og sjálfstæði nemenda. Einnig er horft í framfarir og ástundun nemanda, vinnusemi, samvinnu og hegðun.</p>
<p>Námsefni/Bjargir: „Gott og gagnlegt, Heimilisfræði fyrir miðstig“, „Hollt og gott“, ýmsar matreiðslubækur og uppskriftir, áhöld og matvæli í kennslueldhúsi, myndir og gögn frá kennara.</p>		